

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 16. desember 2019  
UST201912-031/B.S.  
10.05.04

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Akraneslína 2 - lagning jarðstrengs. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 2. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Landsnet áformar að leggja jarðstreng milli Brennimels og Akraness alls tæplega 20 km leið. Að þessari framkvæmd lokinni verður unnt að rífa Vatnshamralínu 2 sem er loftlína. Á vestari hluta leiðarinnar mun jarðstrengurinn fylgja núverandi jarðstreng en vîkur frá eldri strengleið við Fellsendaveg, fylgir honum að Hringvegi og um Klafastaði að Brennimel. Strengurinn verður grafinn niður á um eins metra dýpi.


Jarðstrengurinn mun fylgja að mestu núverandi jarðstreng og vegum. Að mestu er strengleiðin um ræktað land eða framræst. Rask á ósnortnu landi verður óverulegt. Umhverfisstofnun telur að það framkvæmdasvæði sem valið hefur verið henti mjög vel til lagningar jarðstrengs.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Greinargerðin er mjög vönduð og er er ítarlega greint frá framkvæmdinni í máli og myndum.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
sérfræðingur